

AUGLÝSING

um deiliskipulag fyrir Ytri-Skóga, Rangárþingi eystra.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Rangárþings eystra samþykkt eftirfarandi deiliskipulagstillögu:

Deiliskipulag fyrir Ytri-Skóga.

Í deiliskipulaginu eru afmörkuð byggðarsvæði við Skóga, safnið, svæði fyrir ferðaþjónustu og tjaldsvæði. Gert er ráð fyrir nýjum íbúðarhúsum, stækkun og breytingum við byggðasafnið, uppbyggingu ferðaþjónustu, gönguleiðum, göngustígum, útsýnispöllum og reiðleiðum. Þá gerir tillagan ráð fyrir nýrri vegtengingu inn á Fimmvörðuháls, þar sem neðsti hluti vegarins er færður til austurs.

Ofangreind deiliskipulagstillaga hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi. Við gildistöku deiliskipulagsins fellur úr gildi deiliskipulag Byggðasafnsins að Skógum frá 2008.

Hvolsvelli, 5. febrúar 2013.

F.h. sveitarstjórnar Rangárþings eystra,
Anton Kári Halldórsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 6. febrúar 2013